

Jáeindaskann af heila (FDG)

Jáeindaskann (PET/CT) veitir upplýsingar um óeðlilega virkni eða efnaskipti í heila svo sem flogaveiki, æxlisvöxt, vefjaskemmd vegna geislameðferðar eða vitræna skerðingu eins og Alzheimer sjúkdóm. Í rannsókninni er gefið geislavirkt efni í æð og tölvusneiðmynd er gerð samhliða.

Rannsóknin tekur um tvær klukkustundir. Ekki er mælt með að aðstandandi bíði á deildinni meðan rannsókn fer fram. Ef bilun í framleiðslu á geislavirku efni kemur upp með litlum fyrirvara getur þurft að færa rannsókn milli daga.

Áður en rannsókn er bókuð þarf að láta ísótópadeild vita ef eftirtalin atriði eiga við þar sem þau geta haft áhrif á myndatökuna.

- Innan við tvær vikur eru frá krabbameinslyfjagjöf þar til gera á rannsókn.
- Innan við átta vikur eru frá geislameðferð á höfði þar til gera á rannsókn.
- Innan við sex vikur eru frá aðgerð á höfði.

Láta þarf vita af þungun þar sem efni sem gefið er í rannsókninni getur haft áhrif á fóstur.



Best er að nota inngang Eiríksstötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Undirbúningur

- Ekki má neyta koffíns í 24 klukkustundir fyrir rannsókn. Dæmi um vökva og fæðu sem innihalda koffín eru kaffi, svart te, kóladrykkir, orkudrykkir og dökkt súkkulaði.
- Fasta þarf í **sex klukkustundir** fyrir rannsókn. Eingöngu má drekka vatn á meðan á föstu stendur og hvorki nota tyggjó né hálstöflur.
- Forðast þarf líkamlega áreynslu í sex klukkustundir og líkamsrækt í 24 klukkustundir fyrir rannsókn.
- Taka má inn öll regluleg lyf, nema sykursýkislyf.

Ofnæmi

Ef ofnæmi er þekkt fyrir skuggaefni þarf að hafa samband við afgreiðslu ísótópadeildar tveimur dögum fyrir rannsókn til að fá sérstakan undirbúning.

Sykursýki

Blóðsykur þarf að vera undir 10 mmól/L til að hægt sé að framkvæma rannsókn.

- Sykursýki af tegund 1:** Hafa þarf samband við ísótópadeild sem fyrst, því gera þarf sérstakar ráðstafanir.
- Sykursýki af tegund 2:** Sleppa þarf inntöku sykursýkislyfja að morgni rannsóknardags.

Rannsóknardagur

- Vera má í eigin fötum.
- Fjarlægja þarf skartgripir fyrir rannsókn.
- Heyrnartæki er fjarlægt áður en rannsókn er gerð.
- Blóðsykur er mældur við komu á deild.

Rannsóknin

- Settur er æðaleggur í handlegg.
- Legið er í hvíld í 15 mínútur með augngrímu og eyrnatappa, án þess að tala, lesa eða nota síma.
- Geislavíkt efni gefið í æð.
- Legið er í hvíld í 30 mínútur svo upptaka á efninu verði sem best.
- Farið er á salerni fyrir myndatöku.
- Myndataka tekur 20-30 mínútur. Liggja þarf kyrr á meðan.

Eftir rannsókn

- Efnið sem gefið er í æð hefur ekki slævandi áhrif og því má keyra eftir rannsókn.
- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavírt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is